

Garðabær
Bt. Guðbjörg Brá Gísladóttir
Garðatorgi 7
210Garðabæ

Reykjavík 12. júlí 2018
UST201806-366/I.M.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir göngustíg í Garðahrauni efra

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Garðabæjar, dagsett 28. júní 2018, um leyfi fyrir lagningu göngustígar í Garðahrauni efra í júlí-september 2018.

Garðahraun efra er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 510/2014. Markmið friðlýsingarinnar er m.a. að að efla lífsgæði í sveitarfélaginu með því að tryggja möguleika til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu í náttúrulegu umhverfi. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka fólkvangsins eru óheimilar nema með leyfi Garðabæjar og Umhverfisstofnunar. Áður en ráðist er í mannvirkjagerð innan fólkvangsins skal deiliskipuleggja svæðið.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að leggja tæplega 1 km langan og 3m breiðan malbikaðan göngustíg um Garðahraun efra. Gerð verða 1-2 snúningsútskot sem verða gerð að áningarstöðum við stíginn. Þá er fyrirhugað að setja ljósastaura við stíginn. Ekki er þörf á að setja upp önnur mannvirki á svæðinu né fara út fyrir svæði framkvæmdanna. Framkvæmdin er til þess fallin að stýra umferð um svæðið inn á göngustíg og með því draga úr ágangi á hraunið. Fláar við nýja stíginn verða græddir með mosa af þeim svæðum sem fara undir stíginn. Loftmynd með áætlaðri legu stígsins er lögð fram með umsókninni en lega stígsins var ákvörðuð að höfðu samráði við landvörð frá Umhverfisstofnun. Deiliskipulag fyrir þann hluta fólkvangsins sem þessi framkvæmd nær til hefur ekki verið gert.

Niðurstaða:

Í 10. gr. auglýsingar um stofnun fólkvangs í Garðahrauni, Víflsstaðahrauni og Maríuhellum í Garðabæ kemur m.a. fram að áður en ráðist verður í mannvirkjagerð innan fólkvangsins skal deiliskipuleggja svæðið. Þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir allt Garðahraun efra heimilar Umhverfisstofnun ekki að farið verði í þá framkvæmd sem sótt er um leyfi fyrir að svo stöddu.


Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við legu stígsins sem ákvörðuð er í þeim hönnunargögnum sem lögð hafa verið fram, enda var hún unnin í samvinnu við landvörð stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að ráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar skv. 41. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri



Þórdís Vilhemína Bragadóttir
Sérfræðingur